

Hvað er á seyði

um helgina?

Útihátíð — Bækur — Tónleikar — Skemmtanir

# Handmenntir, mál- þing og myndlist

— sýningunni „Oft hefur ellin æskunnar not“ lýkur um helgina


Sýningunni „Oft hefur ellin æskunnar not“, sem nú stendur á Kjarvalsstöðum lýkur á sunnudagskvöld. Á sýningunni getur að líta listaverk alþýðulistamanna og handmenntaverk aldrads fólks víðsvegar að af landinu. Í tengslum við sýninguna hefur verið efnt til málþinga og verður hið síðasta haldið á sunnudaginn. Verður þá rætt um viðhorf manna til öldrunarmála að Vínarfundinum svonefnda afloknun.

Fulltrúar Íslands á þessum fundi um öldrunarmál verða beðnir að lýsa skoðunum sínum. Síðan verða háborðsumræður þar sem rædd verður spurningin: „Hvað höfum við lært af sýningunni?“ Kynnir og stjórnandi umræðu verður Eggert Asgeirsson. Á sýningunni „Oft hefur ellin æskunnar not“ gefst fólki kostur á að sjá myndbandasýningu með efni sem safnað var þegar leitað var gripa á sýninguna. Á myndböndun-

## Sýningar

um eru viðtöl við aldrad fól sem fæst við hand- eða myndmennt.

Á „Oft hefur ellin æskunnar not“ er nóg að sjá og heyra og ekki vert að láta þessa ágætu sýningu fram hjá sér fara. Hún er opin frá 14 til 22 dag hvern en lýkur eins og áður segir á sunnudagskvöldi. -SKJ.



Oskar Magnússon vefari er meðal þeirra sem eiga verk á sýningunni „Oft hefur ellin æskunnar not“. Þetta teppi ber nafnið í árdaga. DV-mynd: Bjarnleifur.

# Ljúfir tangó-tónar

Tangótónleikar verða haldnir í Djúpinu í dag og á morgun. Þar eru á ferðinni gamlir kunningjar tangóunnenda frá síðastliðnu hausti, þau Edda Erlendsdóttir pianóleikari, Olivier Manoury sem leikur á bandón-eon og Richard Korn kontrabassaleikari.


Tangóinn var mjög vinsæl dans-tónlist í Evrópu á árunum 1930 til 1940. Þessi tegund dansstónlistar hefur haldið áfram að þróast í Argentínu og er ekki lengur bundin

við dansinn. Á síðustu árum hafa pólitískir flóttamenn flutt þessa tónlist með sér til Evrópu og þar nýtur hún vaxandi vinsælda.

Í Djúpinu gefst nú tækifæri til að kynnast þessari suðuramerísku tónlist og mun tríóið leika tangó frá ýmsum tímum. Tónleikarnir í Djúpinu hefjast klukkan 21 bæði kvöldin. Djúpið er sem kunnugt er í kjallara veitingahússins Hornsins.

-SKJ.

## Tónleikar



Richard Korn, Edda Erlendsdóttir og Olivier Manoury ætla að leika tangó í Djúpinu í kvöld og á laugardagskvöld.



Það er notalegt að sitja í brekkunni í Herjólfsdal og fylgjast með því sem fram fer á þjóðhátíð. Og alltaf setja hvít tjöld heimamanna mikinn svip á hátíðina.

# Hátíð í Herjólfsdal

Hefur þú verið á þjóðhátíð í Eyjum? Ef svo er telja þeir Eyjamenn að þú hafir upplifað eina merkilegustu hátíð sem haldin er hér á landi og þótt víðar væri leitað. Helzt að Ólafsvakan eða Karnivalið í Ríó jafnast á við þjóðhátíðina. Og enn kemstu á þjóðhátíð í Herjólfsdal því um þessa helgi ætla þeir Eyjamenn að skemmta sér í Dalnum.

Hátíðin hefst klukkan tvö í dag með ávarpi Friðriks Karlssonar formanns Knattspyrnufélagsins Þórs. Síðan kemur hvert skemmtiatriðið á fætur öðru fram á sunnudagskvöld, en þá lýkur gleðskapnum. Dagskráin er óvenju fjölbreytt að þessu sinni. Margir skemmtikraftar koma fram,

bæði þekktir og óþekktir. Má þar nefna menn eins og Alfreð Washington Þórðarson, Asa í Bæ, Gísla Helgason, Hafstein Þórðarson, Dúdda múrara, Árna Johnsen og Guðmund Rúnar Lúðvíksson.

Þeir Eyjamenn reisa þorp í Herjólfsdal á meðan á hátíðinni stendur. Flykkjast heimamenn með hvítu hústjöldin sín í Dalinn og setja þau mjög svip sinn á hátíðina. Þá er brekkusviðið, brúin, myllan, veitingabúðirnar og brennan öllum að góðu kunn er farið hafa á þjóðhátíð. Og auðvitað er þetta allt á sínum stað núna um helgina.

Kvöldin á þjóðhátíð gleymast aldrei frekar en annað á hátíðinni.

Og allir ættu að geta sveiflað sér í góðum takti því hljómsveitirnar Stuðmenn, Rádus og Stefán P. munu trukka tónlistina upp. Stefán P. verður á litla sviðinu en Stuðmenn og Rádus á brekkusviðinu.

Auðvelt er að komast til Eyja á hátíðina. Flugleiðir verða með loftbrú og Herjólfur fer tvær ferðir á dag. Verðið ættu allir að geta ráðið við á þjóðhátíðina að þessu sinni, eða svo segja þeir Þórarar. Jú, gleðin kostar 500 krónur.

Ef þú ert í startholunum á leið til Eyja óskum við þér góðrar skemmtunar. Dagskrá hátíðarinnar bendir alla vega til að svo verði.

JGH.

## Útihátíð